



LÍFEYRISMÁL

Arnaldur Loftsson,

framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Ein af stóru ákvörðununum

Góður félagi minn segir að val á lífeyrissjóði sé ein af stóru ákvörðunum sem fólk stendur frammi fyrir í lífinu. Ekki geta allir valið sér lífeyrissjóð því aðild að þeim er oft bundin í kjarasamningi en þeir sem hafa val ættu að vanda vel til verka og taka vel upplýsta ákvörðun. Vegna mismunandi uppbyggingar og sjóðfélagasamsetningar lífeyrissjóða getur munað verulega hvaða eftirlaun fólk fær, hve mikill sveigjanleikinn er við útgreiðslur og hvað fellur til erfingja við fráfall. Ákvörðun um lífeyrissjóð getur því haft veruleg áhrif á lífsskjör að lokinni starfsævi.

Mismunandi eftirlaun úr lífeyrissjóðum

Flestir lífeyrissjóðir ráðstafa öllu skylduþjaldinu, sem er 12%-15,5% af launum, í samtryggingu sem veitir mikilvæg tryggingaréttindi eins og mánaðarleg verðtryggð eftirlaun út ævina, örorkulífeyri og fjölskyldulífeyri við fráfall. Iðgjöldum í samtryggingu má líkja við greiðslu iðgjalds til tryggingafélags; bætur eru greiddar þegar ákveðnir atburðir í lífi sjóðfélaga eiga sér stað. Við fráfall erfast hins vegar hvorki iðgjöld í samtryggingu né ávöxtun þeirra, ólíkt því sem gildir um iðgjöld í séreignarsjóði.

Ef við myndum okkur að sama iðgjald væri greitt í alla sjóði og ávöxtun þeirra væri sú sama, þá myndu sjóðirnir engu að síður greiða mismunandi eftirlaun, m.a. vegna mismunandi sjóðfélagasamsetningar og örorkubyrði. Lausleg athugun á niðurstöðum reiknivéla á vefsíðum lífeyrissjóða sýnir að eftirlaun úr samtryggingu frá 67 ára aldri geta verið frá 69% til 89% af meðallaunum sem greitt er af m.v. 15,5% iðgjald í 40 ár. Þannig að þó að iðgjöld og langtímaávöxtun lífeyrissjóða hafi vissulega mikil áhrif á þau eftirlaun sem fólk fær úr samtryggingu skiptir mismunandi sjóðfélagasamsetning og uppbygging sjóðanna ekki síður máli.

Allt að 78% skylduþjalds í séreignarsjóð

Nokkrir lífeyrissjóðir, eins og Frjálsi lífeyrissjóðurinn, skipta skylduþjaldinu milli samtryggingar og séreignar og sjóðfélagar þeirra njóta kosta beggja kerfa. Gantast hefur verið með að um sé að ræða eitt

best geymda leyndarmál lífeyriskerfisins því vitneskja almennings um þennan valkost virðist vera takmörkuð. Séreignin erfist, býður upp á sveigjanlega útgreiðslumöguleika og hægt er að ráðstafa henni í fjölbreyttar ávöxtunarleiðir skv. vali sjóðfélaga.

Af opnum lífeyrissjóðum getur hlutfall séreignar af 15,5% skylduþjaldi verið frá allt að 23%-78%, eða 3,5%-12,1% af launum, og er Frjálsi lífeyrissjóðurinn sá sjóður sem býður upp á hæsta hlutfall séreignar.

Sveigjanleikinn felst meðal annars í því að sjóðfélagar geta ákveðið að fá greidd hærra eftirlaun á fyrri hluta eftirlaunaáranna, á meðan heilsan er góð, með því að fá greitt samtímis úr samtryggingu og séreign, en lægri eftirlaun seinni hlutann eftir að gengið hefur á séreignina. Almenn má segja að þörfin fyrir eftirlaun

minnki eftir því sem árin færast yfir og því líklegt að slíkt fyrirkomulag henti betur en að fá sama verðtryggða lífeyrinn frá starfslokum til æviloka. Mikilvægt er fyrir sjóðfélaga að kynna sér vel kosti og galla þess að blanda saman iðgjaldi í samtryggingu og séreign sem og útborgunarreglur séreignar.

Samanburður á lífeyrissjóðum

Á vef Landssamtaka lífeyrissjóða er að finna grunnupplýsingar um lífeyrissjóði landsins og þar kemur fram að 10 sjóðir eru opnir öllum. Á vefsíðum lífeyrissjóðanna er jafnframt hægt að kynna sér réttindauppbyggingu sjóðanna og nýta reiknivélar á vefsíðum þeirra til að meta áætlaðan lífeyri og uppsafnaða séreign við starfslok. Aðrir þættir sem geta haft áhrif á ákvarðanir um val á lífeyrissjóði eru m.a. söguleg ávöxtun, gæði þjónustu og upplýsingagjöf lífeyrissjóðanna.

Þeir sem greiða í lífeyrissjóð með ábyrgð launagreiðanda ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir gera tilraun til að skipta um lífeyrissjóð. Launagreiðandi, sem er ríkið eða sveitarfélög, ábyrgjast lífeyrisréttindi sjóðfélaga og í því felst verðmæt trygging fyrir sjóðfélaga. Einnig er ráðlegt fyrir þá sem íhuga að skipta um sjóð að bera saman mismunandi lífeyrisréttindi, sem þeir eiga von á að ávinna sér fyrir framtíðariðgjöldin, og uppbyggingu sjóðanna. Það þarf jú að vanda sig við að taka eina af stóru ákvörðunum lífsins.

” Ákvörðun um lífeyrissjóð getur því haft veruleg áhrif á lífsskjör að lokinni starfsævi.